

**M-125/2011. Álit 12. apríl 2012.**

## **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 12. apríl 2012 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-125/2011.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 19. desember 2011 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir bílinn hafa verið gallaðan og eru kröfur álitsbeiðanda á hendur seljanda svohljóðandi:

„Kaupandi krefst þess að samningi verði rift og hann fái þá upphæða sem hann lagði út að fullu greidda til baka, með vöxtum. Þá krefst hann skaðabóta fyrir það tjón sem hann hefur orðið fyrir með því að hafa verið bifreiðarlaus allan þennan tíma. Sem og fyrir útlagaðan kostnað við að halda uppi rétti sínum. Kaupandi gerir fyrirvara um framlagningu gagna í þeim efnum. Til vara gerir kaupandi þá kröfu að fá afslátt af kaupverði bílsins sem nemur þeim kostnaði sem felst í viðgerð á bifreiðinni og að halda uppi kröfu þessari. Auk þess krefst hann skaðabóta.“

### **II**

#### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 17. janúar 2012, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Kærunefndinni bárust engin andsvör frá seljanda. Við vinnslu málsins leitaði kærunefndin upplýsinga hjá lögmanni Z, en hún var eigandi bifreiðarinnar á undan seljanda.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Samkvæmt kaupsamningi og afsali sem álitsbeiðninni fylgdi keypti álitsbeiðanda bifreiðina xx-000 þann 2. ágúst 2011. Þar er skráð að bifreiðin sé af gerðinni VW Polo Trendline, framleiðsluár sé 2006, fyrsti skráningardagur 14. júní s.á. og að bifreiðinni hafi verið ekið 89.000 km. Kaupverðið var kr. 800.000.

Í álitsbeiðninni segir að við kaupin hafi álitsbeiðanda verið tjáð að bílinn hefði staðist skoðun í júní sama ár og ekkert ami að bifreiðinni. Kveðst álitsbeiðandi hafa kannað það sérstaklega hvort bifreiðin hefði nokkru sinni verið skráð á tjónaskrá hjá tryggingarfélagum og hafi svo ekki verið. Við undirritun kaupsamnings kveðst álitsbeiðandi hafa fengið í hendurnar ástandslýsingu á bifreiðinni og þar hafi komið fram að ekkert væri athugasemjaveitt við hana. Hvergi væri þar skráð nokkur bilun eða fyrri viðgerðir.

Í ástandslýsingu seljanda sem fylgdi með álitsbeiðni kemur fram undir liðnum „Ástand ökutækis“ að ekki hafi verið skipt um tímareim, kælivökvi leki ekki, bifreiðin brenni ekki smurólú og smurólía leki ekki af bifreiðinni. Þá kemur einnig eftirfarandi fram: „Burðarvirki eða stýrisbúnaður hefur ekki raskast verulega í umferðaróhappi!“

Rúmlega mánuði eftir kaupin fer stýrið að verða stíft og kveðst álitsbeiðandi hafa farið með bifreiðina til A í skoðun. Þar hafi komið í ljós að „stýrismaskínan“ læki og það krefðist

viðgerðar. Var álitssbeiðanda tjáð að áður hefði verið gert við sama hlut en þá settir rangir varahlutir í bifreiðina. Var honum tjáð að mikið þyrfti að koma upp á til þess að þessir hlutir biluðu. Taldi álitssbeiðandi að eitthvað væri ekki í lagi við kaupin og varð það til þess að tengdafaðir álitssbeiðanda fór og ræddi við starfsmenn seljanda. Hafi hann óskað eftir því að seljandi tæki þátt í viðgerðarkostnaðnum eða kæmi til móts við hann á annan hátt. Hafi seljandi ekkert vilja gera og tjáðu álitssbeiðanda að hafa samband við lögfræðing og fara með málið í þann farveg.

Þá segir ennfremur í álitssbeiðninni að þar sem álitssbeiðandi og kona hans hafi, sökum veikinda, átt erfitt með að komast af án bifreiðarinnar hafi verið tekin sú ákvörðun að fara með bifreiðina í viðgerð hjá A í nóvember 2011. Segir álitssbeiðandi að starfsmenn A hafi komist að því að bifreiðin væri mun meira tjónuð en þeir höfðu talið í upphafi og eftir ýtarlega skoðun hafi það verið mat þeirra að tjónið væri afleiðing útafaksturs. Áætluðu þeir að viðgerðin yrði mun kostnaðarsamari en lagt var upp með í upphafi. Kveðst álitssbeiðandi hafa ákveðið að fá álit annars aðila og segist hafa farið með bifreiðina í skoðun hjá B. Engin gögn frá B liggja fyrir en með álitssbeiðni fylgir ástandskoðunarskýrsla frá C, dags. 30. nóvember 2011, og verður því að álykta svo að álitssbeiðandi hafi leitað til C en ekki B. Kveðst álitssbeiðandi að starfsmenn C hafi staðfest margt af því sem fram kom hjá A og að viðgerðin yrði kostnaðarsöm.

Kveðst álitssbeiðandi aðeins hafa ekið bifreiðinni í mánuð eftir kaupin en eftir það hafi bifreiðin staðið óökufær.

Telur álitssbeiðandi að bifreiðin hafi ekki fullnægt þeim kröfum sem leiða af samningnum og að bifreiðin hafi ekki haft þá eiginleika sem kaupandi mátti vænta við kaup á henni. Telur álitssbeiðandi að seljandi hafi við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi bifreiðina eða not hennar sem seljandi hlaut að þekkja til og álitssbeiðandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin. Þá telur álitssbeiðandi að um galla er að ræða sem kaupandi vissi ekki eða mátti ekki vita að væru til staðar við kaupin.

#### IV

#### Úr gögnum málsins

Í kaupsamningi og afsali sem fylgdi álitssbeiðninni kemur fram að seljandi sé Z. Samkvæmt upplýsingum sem kæruneftnd fékk frá lögmanni Z við vinnslu málsins seldi hún umrædda bifreið til Y með kaupsamningi, dags. 13. júlí 2011. Bifreiðina setti hún upp í aðra bifreið hjá bílasölu. Greiddi Z sölubókun til Y vegna sölu bifreiðarinnar til félagsins, þ.m.t. útlagðan kostnað vegna eigendaskipta hjá Umferðarstofu.

Meðfylgjandi svörum lögmanns Z fylgdi umræddur kaupsamningur vegna kaupa Y á bifreiðinni og einnig kaupsamningur vegna kaupa Z á annarri bifreið dags. sama dag. Þá fylgdi einnig með kvittun fyrir greiðslu sölubókunnar vegna bifreiðarinnar. Samkvæmt þessu álitur kæruneftndin álitssbeiðninni sé réttilega beint að Y sem seljanda bifreiðarinnar.

Samkvæmt lögmanni Z kannast hún ekki við neina þá galla sem álitssbeiðandi talar um og segir að við sölu bifreiðarinnar til seljanda hafi ekki verið neinir þekktir gallar eða bilanir í bílnum sem hún vissi af. Lögmaður Z bendir einnig á að möguleiki sé á því að seljandi beri ábyrgð á umræddum galla. Samkvæmt kaupsamningi milli Z og seljanda vegna sölu á umræddri bifreið kemur fram að hún væri ekin 56.000 km, sem er rangt því fram kemur að hún var ekin 85.000 km., en við sölu til álitssbeiðanda er bifreiðin hins vegar ekin 59.000 km, sem er einnig röng tilvísun þar sem fram kemur að bifreiðinni hafi verið ekið 89.000 km. Á því tímabili sem bifreiðin var í eigu seljanda hafi hún því verið keyrð verulega langa vegalengd og því mögulegt að bifreiðin hafi bilað á þeim akstri eða bifreiðin lent í óhappi af einhverju tagi. Telur Z að um óeðlilega mikinn akstur sé að ræða þar sem eingöngu líða um þrjár vikur frá sölu Z til seljanda þar til álitssbeiðandi kaupir bifreiðina.

Þá rekur lögmaður Z einnig fjölmörg ákvæði lausafjárkaupalaga nr. 50/2000 er reynt gætu á í máli þessu en kærunefnd þykir ekki ástæða til að rekja þau frekar þar sem Z er ekki aðili að þessu máli.

Í gögnum málsins er að finna tölvupóst frá D hjá A dags. 25. nóvember 2011. Þar er að finna samantekt á verði vegna tjóns á umræddri bifreið.

Þar kemur eftirfarandi fram:

„Samantekt á kostnaði á varahlutum og vinnu vegna tjóns sem hlaust af útafakstri, á bifreiðinni xx-000 sem er af gerðini VW póló árgerð 2006.

	Efni	Vinna viðmið
Fremsti hluti pústkerfis	90.000 kr	9000 kr
Stýrismaskína	157.000 kr.	40.000 kr.
Svunta undir stuðara	14.120 kr.	2000
Spyrnufóðringar framan bm	3000 x2 = 6000 kr.	28.000
Hlíf undir vél	12.854 kr.	2000
Plasthlíf undir bíl v.	12.000	9000
Plasthlíf undir bíl hm.	10. 230 kr.	9000
Bensíntankur	123.000 kr.	30.000
Álhlíf við púst	11.967 kr.	9000
Biti f. púst	3900 kr	3000
Olíupanna á vél	25.700 kr	17.000“

Eins og fyrr greinir fylgir álitsbeiðni einnig ástandsskoðunarskýrsla C, dags. 30. nóvember 2011. Þar segir:

„Skoðun ökutækis hefur leitt eftirfarandi athugasemdir í ljós

- 1 Númersljós óvirk eða ótengd
- 2 Aðalljósker laust eða skemmt báðum megin
- 3 Útblásturskerfi óþétt
- 4 Mæling mengandi efna í útblæstri ómarktæk
- 5 Stuðari framan, vantar svuntu og hlífar undir
- 6 Hlífar undir gólfi skemmdar
- 7 Lakk rispað eða skemmt
- 8 Smávægilegar dældir/beyglur á yfirbyggingu
- 9 Stýri virkar ekki rétt
- 10 Leki á stýrisvél
- 11 Óeðlilegt hjólabíl
- 12 Hjólspyrnufóðring skemmd framan vinstri, aftari
- 13 Beygladur bensíntankur“

Í kjölfar alls þessa aflaði álitsbeiðandi sér upplýsinga af vef Umferðarstofu er varða tjónaskrá bifreiðarinnar. Þar kemur fram að bifreiðinni hafi verið ekið út af beinum vegi hægra megin þann 11. september 2006 og tjón metið mikið. Af slysaskrá að dæmi varð tjónið á bifreiðinni á undirvagni, framenda, hægri miðju og hægri framhlið.

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um

lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1.- 3. mgr. 1. gr. laganna.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðanda bifreiðina xx-000 þann 2. ágúst 2011 fyrir kr. 800.000. Bifreiðin er árgerð 2006 og fyrsti skráningardagur hennar, samkvæmt gögnum með álitsbeiðni, 14. júní 2006. Bifreiðin var því 5 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 89.000 km. Þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi.

Í áðurnefndum kaupsamningi milli aðila segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 17. gr. neytendakaupalaga, en þar segir:

**17. gr.** *Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.*

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.

Ef notaðir hlutir eru seldir á uppboði þar sem neytandi hefur haft möguleika á að vera viðstaddur gilda ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

Líkt og fyrr er rakið var álitbeiðanda tjáð við kaup á bifreiðinni að hún hefði staðist skoðun tveimur mánuðum fyrir kaup og ekkert amaði að bifreiðinni. Þá kannaði álitsbeiðandi einnig hvort að bifreiðin væri á skrá hjá einhverju tryggingarfélaganna sem tjónabifreið. Einnig fékk álitsbeiðandi í hendurnar ástandslýsingu þar sem ekkert er tekið fram um fyrri bilanir eða viðgerðir á bifreiðinni. Þar kemur fram að burðarvirki eða stýribúnaður hafi ekki raskast verulega í umferðaróhappi. Engar aðrar athugasemdir eru gerðar og ekkert kemur fram í reitnum „Annað sem ástæða þykir að taka fram um ástand ökutækis eða ekki kemur fram við venjulega skoðun“. Ekkert kemur fram í gögnum málsins um það hvort álitsbeiðanda hafi verið tjáð af seljanda að um tjónabifreið væri að ræða og er það því mat kærunefndarinnar að álitsbeiðandi hefði af þessum upplýsingum mátt ætla að ástand bifreiðarinnar væri í samræmi við upplýsingar seljanda. Þrátt fyrir að álitsbeiðandi hafi nú aflað sér upplýsinga frá Umferðarstofu, þar sem fram kemur að bifreiðin hafi orðið fyrir tjóni, er það mat nefndarinnar að upplýsingar frá seljanda hafi ekki gefið álitsbeiðanda tilefni til þess við kaup bifreiðarinnar. Hafi álitsbeiðandi fullnægt skoðunarskyldu sinni með því að kanna hvort bifreiðin væri á tjónaskrá hjá tryggingarfélagum.

Kærunefndin telur að seljanda hafi borið að upplýsa álitsbeiðanda um að bifreiðin væri tjónabifreið enda hafi seljandi atvinnu sína af sölu og umsýslu bifreiða og megi honum vera ljóst að verðgildi og endursala slíkra bifreiða lúti öðrum lögmálum en gildi um tjónlausar bifreiðar.

Líkt og fram hefur komið hefur seljandi ekki nýtt sér heimild sína til að koma að andsvörum og verður álit þetta því byggt á þeim gögnum sem liggja fyrir.

Samkvæmt b- lið 1. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga telst söluhlutur gallaður ef seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanræksla hafi haft áhrif á kaupin. Þá segir í c- lið 1. mgr. 16. gr. að söluhlutur teljist einnig gallaður ef hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingar hafi ekki haft áhrif á kaupin.

Í VI. kafla neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla á söluhlut. Eitt þeirra úrræða er að krefjast riftunar á kaupum, sbr. d-lið 2. mgr. 26. gr. laganna, ef gallinn

er ekki óverulegur, sbr. 32. gr. Við mat á því hvort að galli sé óverulegur þarf að eiga sér stað ákveðið heildarmat þar sem m.a. er litið til atvika máls og þess hvort að unnt sé að bæta úr gallanum eða ekki.

Eins og að framan er rakið hefur nú verið staðfest að um tjónabifreið er að ræða og ástand bifreiðarinnar þannig að til þess að gera hana nothæfa þarf að kosta miklu til ekki síst þegar sá kostnaður er borinn saman við kaupverðið. Er það mat kærunefndar lausfjár- og þjónustukaupa, samkvæmt því sem að framan er rakið, að bifreiðin teljist gölluð í skilningi b-liðar og c-liðar 1. mgr. 17. gr. neytendakaupalaga og teljist gallinn verulegur, enda má leiða líkum að því að vitneskja um að alvarlegt tjón hefði orðið á bílnum hefði leitt til þess að ekki hefði orðið af kaupnum á umræddu verði. Verður því að fallast á riftunarheimild álitsbeiðanda.

Í 2. mgr. 50. gr. kemur fram að eigi seljandi að endurgreiða kaupverð, beri honum að greiða vexti í samræmi við ákvæði vaxtalaga frá þeim tíma er neytandi tilkynnti seljanda að hann myndi bera fyrir sig gallann. Af málavöxtum að dæma var seljanda fyrst tilkynnt um að álitbeiðandi myndi bera fyrir sig gallann þann 17. janúar er álitsbeiðnin var send seljanda.

Þá hefur álitsbeiðandi einnig krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann hefur orðið vegna bifreiðarleysis um langt skeið. Hafa kærunefndinni ekki borist nein gögn því til stuðning og verður því ekki fallist á skaðabótakröfu álitsbeiðanda. Þá er kröfum um málskostnað hafnað.

Er það því niðurstaða kærunefndar lausfjár- og þjónustukaupa að seljanda beri að endurgreiða álitsbeiðanda kaupverð bifreiðarinnar, kr. 800.000 gegn því að álitsbeiðandi afhendi seljanda bifreiðina xx-000.

## VI

### Álitsorð

Álitsbeiðanda, X, er heimilt að rifta kaupum á bifreiðinni xx-000. Seljanda, Y ber að endurgreiða álitsbeiðanda kaupverð bifreiðarinnar, kr. 800.000, gegn því að X afhendi bifreiðina.

---

Áslaug Árnadóttir

---

Lárus M.K. Ólafsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir